



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Kappar ehf.
Hörður Óli Níelsson
Draghálsi 12
110 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2022
Tilv.: UMH22050145/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 16. maí sl. þar sem sótt er um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á asbesti í asbeströrum við Tryggvagötu/Grófina. Óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hafi ekki verið fullnægt. Fram kemur í erindinu að umsókn um starfsleyfi sé í ferli, sú staða sé uppi að skurðurinn þar sem asbest fóðrunin sé standi opinn, þurfi að bíða í fjórar vikur eftir starfsleyfi þá þurfi annað hvort að skilja skurðinn eftir opinn sem sé alls ekki ákjósanlegt eða moka yfir skurðinn í millitíðinni og grafa hann upp aftur til að fjarlægja asbestið. Við slíka vinnu séu umtalsverðar líkur á að asbestið mengi jarðveginn enn frekar sem sé jafnvel enn verri kostur en að láta skurðinn standa opinn allan þennan tíma. Því sé óskað eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi til að hægt sé að bregðast við þessu og hreinsa asbestið. Fram kemur að Kappar ehf. sem muni framkvæmi niðurrifið, hafi talsverða reynslu af vinnu við að hreinsa asbest, eigi til þess tilskilinn búnað og hafi tilskilin leyfi til slíkrar vinnu. Samhliða erindinu voru teikningar af lögnum sendar í tölvupósti. Þeim pósti fylgdi jafnframt tölvupóstur Veitna ohf. til Kappa ehf., dags. 10. maí sl. þar sem fram kemur að í umræddum rafmagnsstrengjum hafi verið að finnast asbest í ídráttarrörum, það sé búið að aftengja strengina en það þurfi að fjarlægja og farga asbeströrum.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. málsli. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 20. maí sl., segir að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang sé atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þ.m.t. niðurrif bygginga, byggingarhluta eða búnaðar, starfsleyfisskyldur og veiti heilbrigðisnefnd starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi. Samkvæmt 3. mgr. 7.

gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær séu og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 13. maí sl. Sama dag hafi starfsleyfið verið auglýst og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 10. júní nk. Í beiðni umsækjenda komi fram að ástæða umsóknar um tímabundna undanþágu sé sú að Orkuveita Reykjavíkur hafi fengið Kappa ehf. til að fjarlægja og farga gömlum rafmagnsstrengjum sem innihalda asbest. Ástæða þess að sótt sé um undanþágu er sögð vera vegna ónæðis framkvæmdarinnar fyrir íbúa og rekstraraðila á svæðinu. Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt að því gefnu að heilbrigðisnefndin telji starfsleyfisumsókn fullnægjandi og veiti jákvæða umsögn að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur barst ráðuneytinu með tölvupósti hinn 20. maí sl. Fram kemur að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur hafi móttakið umsókn Kappa ehf., kt. 430209-0510, um tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrifi á lögnum með asbesti í Tryggvagötu-Grófinni. Sótt sé um tímabundið leyfi til 14. ágúst nk. Umsóknin sé metin fullnægjandi. Heilbrigðiseftirlitið hafi farið í úttekt á verkstað, móttakið afrit af leyfi Vinnueftirlitsins fyrir niðurrifinu og sett tillögu að starfsleyfi í auglýsingu þann 13. maí sl. og sé auglýsingatími til 10. júní nk., sjá: <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglyssingu>. Taka þurfi afstöðu til útgáfu starfsleyfis innan fjögurra vikna frá lokum auglýsingatíma og líklegt sé að niðurstaða liggi fyrir þann 14. júní nk. Um sé að ræða raflagnir í asbestörum sem komu í ljós í skurði við uppgröft á gatnamótum Tryggvagötu-Grófarinnar. Uppgröfturinn komi í veg fyrir umferð um gatnamótin og telji heilbrigðisnefndin að það valdi ónæði fyrir bæði vegfarendur og atvinnustarfsemi á svæðinu. Umtalsverð umferð gangandi vegfarenda sé um svæðið. Þrátt fyrir að verksvæðið sé afgirt telji heilbrigðisnefnd vera mögulega hættu fyrir vegfarendur virði þeir ekki girðingarnar. Nefndin telji því brýnt að framkvæmdir við gatnamótin dragist ekki á langinn vegna lögbundins auglýsingatíma fyrir tillögu að starfsleyfi fyrir niðurrifinu. Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur veiti jákvæða umsögn fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá tímabundnu starfsleyfi fyrir niðurrifi á lögnum með asbesti í Tryggvagötu-Grófinni, á meðan nefndin ljúki afgreiðslu umsóknar fyrirtækisins að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Um er að ræða asbestör (asbest ídráttarrör) í rafmagnsstrengjum þar sem asbest hafi komið í ljós við framkvæmdir. Verkið hafi verið stöðvað í framahaldinu, strengirnir aftengdir og sótt um tilskilin leyfi fyrir niðurrifi á asbestinu. Mikil umferð gangandi fólks er á svæðinu og ónæði er af framkvæmdum fyrir íbúa og rekstraraðila og því brýnt að leysa sem fyrst úr biðstöðu og óvissu vegna þessara aðstæðna. Kappar ehf. hafa sótt um starfsleyfi til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til niðurrifs og förgunar á asbesti á asbesti í asbestörum við Tryggvagötu/Grófinna. Verkefnið er samtarsverkefni Veitna ohf. og Reykjavíkurborgar. Í ljósi þess að asbestið kom fyrst í ljós þegar framkvæmdir hófust, unnið er í framkvæmdum á svæðinu, fullnægjandi umsókn um starfsleyfi hefur borist heilbrigðisnefnd, starfsleyfi verður væntanlega gefið út um miðjan júní, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Köppum ehf., kt. 430209-0510, forsvarsmaður Hörður Óli Níelsson, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs á lögnum með asbesti í rorum við Tryggvagötu/Grófinna, Reykjavík.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs á lögnum með asbesti við Tryggvagötu/Grófinna, Reykjavík eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Kappar ehf. skulu fara að skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð nr. 705/2009 um asbestúrgang sem og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, sjá:

https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigdiseftirlit/Tillogur_i_auglyssingu/almenn_s_kilyrði_fyrir_mengandi_starfsemi_samthykkt_2018.pdf og Starfsleyfisskilyrðum fyrir

tímabundinn atvinnurekstur vegna niðurrifa húsa og annarra mannvirkja, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigðiseftirlit/Tillogur_i_auglysingu/starfsleyfisskilyrði_fyrir_tímabundinn_atvinnurekstur_vegna_nidurrifs_husa_og_annarra_mannvirkja.pdf.

3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.
4. Tryggja skal að allir sem koma að verkinu hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á framkvæmdastað.
5. Að lokinni framkvæmd skulu Kappar ehf. skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Kappar ehf. bera ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber fyrirtækinu að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur gæti í eftirliti þurft að fylgja eftir kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 21. júní 2022. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils verði starfsleyfi ekki gefið út áður.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson